

S A M Þ Y K K T

um veiði í Þingvallavatni.

99
8. júní

1. gr.

Silungur, annar en murta, skal vera friðaður fyrir allri veiði, annarri en stangar- og dorgarveiði, frá 1. september til 31. október. Enn fremur skal silungur á svæðinu austan línu frá Langatanga að Fornaseli við Arnarfell vera friðaður fyrir allri veiði frá 1. til 31. ágúst ár hvert.

2. gr.

Óheimilt skal að hirða silung, sem veiddur er á stöng, sem minni er en 25 cm, mældur frá trjónu í sporðsýlingu. Þó skal heimilt að veiða murtu í net, sem minni er en 25 cm.

3. gr.

Óheimilt skal að nota net til silungsveiði, sem smáriðnari eru en svo, að 4.5 cm séu á milli hnúta, þá net eru vot og murtunet, sem hafa smærri möskva en svo, að 2.5 cm séu á milli hnúta, þá net eru vot.

4. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað og gildir í tvö ár frá deginum í dag að telja.

Samþykkt þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 8. júní 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár.

100
8. júní

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Vatnsdalsár. Heimili þess og varnarþing er að Sveinsstöðum í Sveinsstaðahreppi.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni.

3. gr.

Markmiði sínu hyggst félagið ná með því:

- a. Að friða ána fyrir hvers konar veiðiaðferðum til laxveiða, nema stangaveiði, samkvæmt þeim reglum og ákvörðunum, er félagsstjórn eða lögmætur félagsfundur samþykkir.
- b. Að vinna að ófriðun og útrýmingu sels og annars veiðivargs.

4. gr.

Félagið hefur umráð yfir öllum rétti til laxveiði í Vatnsdalsá, Álftaskálará, Tunguá með Hólkotskvísl, Kornsó og Giljá og framrennsli þeirra.

- 100 Sömuleiðis hefur félagið umráð yfir allri silungsvæðinu, að því undan-
8. júní skildu, að lagnetaveiði fyrir silung er leyfileg í Vatnsdalsá, fyrir ábúendur á svæðinu frá sjó og fram á móts við bæinn Forsæludal. Þó má ekki hafa lengur net í ánni en til 31. ágúst á svæðinu frá Undirfelli til Forsæludals. Möskvastærð fari eftir gildandi lögum, en fari þó ekki fram úr $4\frac{2}{3}$ em milli hnúta. Eigi má hafa króka eða fleygnet, er að dómi sérfróðra manna geta orðið laxgöngunni til hindrunar.

5. gr.

Félagsmenn eru ábúendur allra jarða á félagssvæðinu, en þær eru: Hjaltabakki, Skinnastaðir, Akur, Stóra-Giljá, Litla-Giljá, Beinakelda, Hnausar, Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland með Grundarkoti, Hvammur, Eyjófsstaðir, Bakki, Hof, Kötlustaðir, Gilá, Marðarnúpur, Guðrúnarstaðir, Kárdalstunga, Þórormstunga, Sunnuhlið, Forsæludalur, Grímstunga, Haukagil, Saurbær, Ásbrekka, Ás, Brúsastaðir, Snæringsstaðir, Undirfell, Nautabú, Kornsa, Gilsstaðir, Flaga, Helgavatn, Hnjúkur, Breiðabólstaður, Miðhús, Vatnsdalshólar, Sveinsstaðir, Steinnes, Leysingjastaðir, Þingeyrar og Geirastaðir.

6. gr.

Óheimilt er öllum að veiða lax á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar.

7. gr.

Félagsstjórn skal leigja ár á félagssvæðinu eða hluta af þeim, einstökum mönnum eða félögum til stangaveiði. Þó má leyfið eigi vera nema til eins árs, nema lög-
mætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt leyfi verði til umræðu.

Veiðimönnum er heimil, án sérstaks endurgjalds, umferð með ánum á veiðiferðum sínum, en gæta skulu þeir þess, að gera sem minnstan uzla og alls ekki sleppa hestum í slægjulönd manna og loka öllum hliðum, er þeir fara um.

8. gr.

Félagsstjórn skal sjá um alla veiði félagsins, gera samninga um stangaveiði, sjá um verkun og sölu afla og allt annað, er félagið varðar.

9. gr.

Kostnaði öllum, er félagið kann að hafa, skal jafnað niður á félagsmenn, eftir þeim hlutföllum, er arðskrá félagsins tiltekur.

10. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður og 2 meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn ásamt varamönnum. Enginn atkvæðisbær félagmaður getur skorazt undan kosningu, nema hann hafi setið 3 undanfarandi ár í stjórninni.

11. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir milli funda. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur umsjón með störfum félagsins og fjárreiðum þess öllum. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

12. gr.

Aðalfundur heldur félagið í janúar ár hvert. Aðalfundur er lögmaður, sé hann boðaður með að minnsta kosti fjögurra daga fyrirvara og fundarboði hagað svo sem tíðkamt í hlutaðeigandi sveitum.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá gerðum félagsins á liðnu starfsári og leggur

fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún og fram 100 endurskoðaða reikninga félagsins fyrir liðið ár og úrskurðar fundurinn þá. Aðal- 8. júní fundur kýs stjórn og 2 endurskoðendur, ásamt varamönnum, til þriggja ára. Aðal- fundur ákveður laun stjórnar og annarra starfsmanna. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum félagsins, nema um breytingu á samþykktinni eða félagslit (sbr. 15., 18. og 19. gr.).

13. gr.

Aukafundi heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til eða $\frac{1}{4}$ félagsmanna óskar.

14. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

15. gr.

Arði af veiði félagsins skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, er lögmætur stofnfundur samþykkir og hlotið hefur staðfestingu Stjórnarráðsins. Arðskráin skal endurskoðuð á fimm ára fresti.

Verði félagsmenn ekki ásáttir um, að arðskráin gildi áfram óbreytt, fer um matsgerðir eftir gildandi lögum.

16. gr.

Eigi má úthluta arði að fullu, samkvæmt 14. gr. fyrri en eftir aðalfund. Aðalfundur getur ákveðið, að leggja allt að 5% — fimm af hundraði — af ársarði félagsins í sérstakan sjóð, ef $\frac{2}{3}$ fundarmanna samþykkja það, enda skal þá félagsstjórn á næsta aðalfundi leggja fram uppkast að reglugerð fyrir sjóðinn.

17. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar refsingu samkvæmt lögum nr. 112 frá 1941.

18. gr.

Samþykktinni má breyta, ef $\frac{2}{3}$ mættra félagsmanna samþykkir breytinguna og hafi hennar verið getið í fundarboði.

19. gr.

Félaginu má slíta, ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja það.

Samþykkt þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Um leið er úr gildi numin samþykkt nr. 55 22. júlí 1936 fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. júní 1951.

Hermann Jónasson.

Arni G. Eylands.